

Ávarp

Katrín Pétursdóttir forstjóri Lýsi hf. Reykjavík setti hátíðina „Lofsvert lagnaverk 2013“, við hátíðlega athöfn í Lýsi hf. 15. október 2014.

Forseti Íslands Herra Ólafur Ragnar Grímsson og aðrir gestir.

Það er mikill heiður að bjóða ykkur öll velkomin hér í Lýsi í dag.

Hér stendur til að veita viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk árið 2013. Það er gleðilegt að eftir því sé tekið sem vel er gert og við hér hjá Lýsi erum afar stolt af þeim árangri sem samtarf okkar við hönnunar og verktaka sem komu að þessu mikla verki hefur skilað.

Það var á vormánuðum árið 2003 sem ákveðið var að endurbýggja verksmiðju fyrirtækisins frá grunni. Kröfur um ný gæðakerfi og breyttar aðferðir í vinnslu á lýsi voru koman fram og ljóst að í þáverandi húsnæði gætum við aldrei mætt þessum kröfum. Ráðist var í byggingu fyrri hluta verksmiðjunnar árið 2004 og ný verksmiðja, rannsóknarstofa og skrifstofur tekin í notkun í maí 2005. Með tilkomu nýju verksmiðjunnar jókst afkastageta í framleiðslu úr 3000 tonnum á ári í 6.500 tonn. Það má segja að við höfum búið við þó nokkurn luxus í þessum framkvæmdum, því á meðan við vorum að prufukeyra nýju verksmiðjunna var sú gamla keyrð áfram, þar til búið var að sníða nýju verksmiðjunna fullkomlega að okkar þörfum. Þá hófs framleiðsla í nýju verksmiðjunni á hágæða vörum okkar við bestu aðstæður sem völ er á.

Á sama tíma hófum við mikla markaðssókn með okkar góðu vöru á nýja erlenda markaði. Gæði okkar vöru leyndu sér ekki og markaðurinn tók okkur fagnandi. Það má segja að ævintýrið hafi byrjað og árið 2009 var verksmiðjan full keyrð svo framleiðslugetan dugði ekki fyrir eftirspurnina. Árið 2010 var tekin ákvörðun um að tvöfalda húsnæði og verksmiðjum. Byggingarframkvæmdir hófust í maí 2011 og var nýi hlutinn tekinn í notkun ári seinna. Framleiðslugeta okkar í dag er því um 13.000 tonn og sannarlega eins sú stærsta og best útbúna verksmiðja í heiminum til framleiðslu á náttúrulegum fiskolium.

Til gamans má nefna að lagnakerfið í húsinu er um 50 km. Ef allt er lagt saman gætum við dælt hrálýsinu okkar sem framleitt er í þorlákshöfn, það og hingað á Fiskislóð.

Þetta hefur verið skemmtileg vegferð og eins og fyrir segir ævintýri líkast að taka þátt í þessari uppbyggingu á fyrirtækinu. Það hefði okkur aldrei tekist ef ekki væri fyrir framúrskarandi hæft starfsfólk og svo öllum þeim frábæru aðilum sem komu að hönnun og uppbyggingu húsa og verksmiðju.

Kristjáni Ottóssyni framkvæmdarstjóra Lagnafélags Íslands ber sérstaklega að þakka sitt ötula starf við að efla gæðavitund í hönnun og uppsetningu lagna. Sú viðurkenning sem Lagnafélagið stendur fyrir er hvetjandi fyrir viðurkenningarhafa um að halda áfram sínu góðu störfum og vera sífellt að bæta sig. Viðurkenningin er frábært framtak hjá Lagnafélagi Íslands og við hjá Lýsi h.f. óskum félagsmönnum og viðstöddum til hamingju með daginn.



Katrín Pétursdóttir.

Ávarp

Sveinn Áki Sverrisson formaður Lagnafélags Íslands, flutti ávarp við afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk 2013, við hátíðlega athöfn í Lýsi hf., að Fiskislóð 5–9 í Reykjavík 15. október, 2014.

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, forsvarsmenn Lýsis og aðrir gestir.

Frá árinu 1990 hafa verið veitt verðlaun fyrir vel unnið lagnaverk. Þessi viðurkenning er eftirsótt og menn eru stoltir af því af hafa fengið hana.

En hvað þarf til að skila góðu lagnaverki.

Þarf 5 háskólagráður, eða meistarskóla í viðkomandi iðn eða þarf áralanga reynslu við störf við lagnir. Nú hugsi hver fyrir sig.

Þeir sem hafa áhuga á skipulagi verkefna vita að til þess að verkefni takist vel þarf meðal annars þetta:

- rétta fólkið,
- góða áætlun og góð fyrirmæli um það hvað eigi að gera,
- mikil og opin samskipti þannig að samræming sé góð,
- vita hvaða hlutir geta farið úrskeiðis þannig að hægt sé að vera undirbúinn
- og fólk með mikla löngun til að ljúka málum, klára loka hnykkinn

En við vitum það að gott lagnaverk er ekki fárra manna verk heldur góð samvinna og áhugi allra sem að verkefninu koma. Það er lítið pláss fyrir þá sem vinna einir út í horni.

Þess vegna segi ég við ykkur, til hamingju verðlaunahafar, hættið aldrei að læra og takið lýsi á hverjum degi.



Sveinn Áki Sverrisson.

Viðurkenningarnefnd lofar lagnakerfið hjá Lýsi hf.

Vel að öllu staðið

Lýsi hf. fékk viðurkenninguna „Lofsvert lagnaverk 2013“, sem Lagnafélag Íslands stendur fyrir. Nýbygging við verksmiðju- og skrifstofuhús Lýsis hf. á Granda í Reykjavík varð að þessu sinni fyrir valinu hjá viðurkenningarnefnd Lagnafélagsins.

Í umsögn nefndarinnar segir að í 4.000 fermetra byggingu fyrirtækisins vekir athygli hve vel sé að öllu staðið, en í verksmiðjunni sé meðal annars flókin og nær sjálfvirkur búnaður til matvæla- og lyfjaframleiðslu.

„Handhafar viðurkenningar 2013“



Talið frá vinstri nr 1: Kristján Ottósson framkvæmdarstjóri LAFÍ. 2: Hrafn Stefánsson Eflu hf. 3: Logi Friðriksson Eflu hf. 4: Davíð Þór Björnsson Eflu hf. 5: Inga Hersteinsdóttir VSI ehf. 6: Eyþór Viðisson VSI ehf. 7: Hallur Kristmundsson Arkþing ehf. 8: Helgi Hannesson Lýsi hf. 9: Katrín Pétursdóttir Lýsi hf. 10: Snorri Már Björnsson Lýsi hf. 11: Almar Gunnarsson Landslagfir. 12: Ragnar Þór Hannesson Landslagfir. 13: Konráð Ægisson Ísloft ehf. 14: Karl Hákon Karlsson Blikksmiðnum hf. 15: Valdimar Þorsteinsson Blikksmiðnum hf. 16: Sveinn Áki Sverrisson VSB. 17: Gunnar Sigurðsson Blikksmiðnum hf. 18: Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands.

Pá veitti félagið þeim Friðriki S. Kristinssyni og Sæbirni Kristjánssyni Heiðursmannaviðurkenningu fyrir farsælt ævistarf



Kristján Ottósson framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands, Friðrik Sveinn Kristinsson byggingartækni. Sæbjörn Kristjánsson byggingartækni, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson Forseti Íslands afhenti viðurkenningar og silfurmerki félagsins.

Ávarp

Pórður Ólafur Búason verkfræðingur formaður Viðurkenningarnefndar Lagnafélags Íslands, flutti ávarp við afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk 2013, við hátíðlega athöfn að Fiskislóð 5-9 í Reykjavík 15. október, 2014.

Gleðilega hátíð virðulegi Forseti Íslands og aðrir lagnamenn. Lagnafélag Íslands veitir nú 25. árið viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk í nýbyggingu á Íslandi. Tilgangur með viðurkenningunni hefur ávallt verið að efla gæðavitund fagmanna og ráðamanna húsbýgginga svo þeir allir megi verða lagnamenn.

Viðurkenningin er nú eins og áður veitt fyrir verkefni þar sem gerðar eru miklar og almennar kröfur um frágang og gæði lagnakerfa.

Viðurkenningarnefndina skipa þeir Hilmar Hjartarson, pípulagna-meistari, Kristján Nielsen, rafvirki, Ólafur Bjarnason, blikksmíðameistari og Pórður Ólafur Búason, verkfræðingur formaður. Fyrir nefndina starfaði að vanda Kristján Ottósson, spunameistari Lagnafélagsins, blikksmíðameistari og vélstjóri sem ritari nefndarinnar.

Að þessu sinni voru eins og áður skoðuð nokkur viðfangsefni sem til hafði spurst. Viðfangsefnin voru ýmisst skoðuð af ritara, nefndinni allri eða hluta hennar. Niðurstaða nefndarinnar vitnar um leiðarljósið að valið eflir þróun í lagnamállum, gæðavitund starfandi aðila um vandað verk og val á lagnaleiðum ásamt lagnaefnum.

Niðurstaðan var 4000m² viðbygging við hátækniverksmiðju Lýsis hf. og skrifstofuhús að Fiskislóð 5-9 sem fyrir var 5500m² svo að nú er samstæðan fullkomin heild nærri 9500 m² og 65000 m³.



Pórður Ólafur Búason.





Mér er það ljúft og skilt að minnst þess sérstaklega að faðir minn hóf störf hjá Tryggva Ólafssyni í Lýsi 1939 og vann þar stríðsárin þegar hernámslið lagði undir sig hluta verksmiðjunnar á Grandavegi. Sjálfur vann ég ca 1964 að byggingu við verksmiðjuna þar. Þá var Tryggvi Ólafsson sem faðir minn hafði unnið fyrir í upphafi enn á ferð.

Við feðgar áttum góðar minningar um Tryggva. Er ánægjulegt að sjá að arftakar hans hafa gert hér góða hluti.

Þegar lítið er til þessarar tæplega 4000m² viðbyggingar með flóknum nærri sjálfvirkum matvælaframleiðslubúnaði sem nálgast lyfjaframleiðslu og tilheyrandi vaktkerfum þá vaknar spurningin:

Er þetta hægt? Já, allt ber um það vitni. Frá glæsilegri aðkomu á lóð, lögnum í húsnæðinu, tækjaklefum og að frábæru aðgengi að tækjum til reksturs og viðhalds.

Um er að ræða ýmis sérhæfð stjórnkerfi, rafkerfi og vaktkerfi,

pípulagnakerfi svo sem úðakerfi, kælikerfi og snjóbræðslukerfi. Einnig eru í húsnæðinu loftræstikerfi sem þjóna ólíkum kröfum á skrifstofum og verksmiðju.

Frágangur og umgengi er hagleiksmönnum og notendum til sóma og ber vitni um áhuga, reynslu, getu og þekkingu á viðfangsefnum.

Við óskum öllum sem hér eiga hlut að til hamingju og velfarnaðar í framtíðinni.



Ávarp

*Þorsteinn Ögmundsson blikksmíðameistarilvéltækniþræðingur,
flutti þakkarávarp við afhendingu viðurkenninga
„Lofsvert lagnaverk 2013“, við hátíðlega athöfn
Í Lýsi hf. Reykjavík, 15. október 2014, í Lýsi hf. Reykjavík.*

Herra forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson, ágætu gestir.

Hvort sem fólk starfar við framleiðslu lýsis eða lagna þá er að öllum mikilvægt að uppskera árangur erfiðis síns.

Það má sannarlega segja að það gerir Lýsisfólk hér með þessari glæsilegu verksmíðju og ekki enn síður það fólk sem samankomið er hér í dag til að veita viðtöku viðurkenninga, fyrir sín störf á sviði lagnakerfa, úr hendi Lagnafélags Íslands.

Það er sérstaklega ánægjulegt að þeim félögum Sæbirni og Friðriki hjá Lagnatækni voru veitt hér sérstök heiðursviðurkenning fyrir áratuga störf sín á sviði lagnamála, kom mér reyndar á óvart, hélt að þeir hefðu fyrir löngu fengið þær viðurkenningar, enda fullt tilefni til.

Ég vil nota tækifærið hér og hrósa sérstaklega mínu fólki með sitt framlag, sem síðar leiddi af sér þá viðurkenningu sem okkar fyrirtæki hefur mótttekið hér í dag.

Og að lokum vil ég óska öllum viðurkenningahöfum innilega til hamingju og fyrir hönd þeirra allra þakka ég auðsýndan heiður.



Þorsteinn Ögmundsson.



Heiðursmannaviðurkenning veitt fyrir farsælt ævistarf

Friðrik Sveinn Kristinsson byggingartæknifræðingur

Friðrik er fæddur í Reykjavík árið 1946. Árið 1962 hóf hann nám í húsasmíði þá 16 ára, og lauk sveinsprófi 1966.

Í beinu framhaldi af sveinsprófi hóf hann nám við Tækniskóla Íslands, og lauk B.Sc. prófi í Byggingartæknifræði frá þeim skóla árið 1971, með lagnir og loftræstingu sem valgrein.

Friðrik hefur síðan þá unnið við hönnun lagna- og loftræstikerfa, í 43 ár.

Eftir námið í Tækniskólanum 1971, hóf hann störf hjá verkfræðistofunni Önn sf. hjá Gunnari Pálssyni og vann þar í 16 ár, til 1987, svo til eingöngu við hönnun á sviði lagna- og loftræsikerfa. Friðrik fékkst við mörg fjölbreytileg verkefni á tíma sínum hjá Önn, þar sem unnið var að mörgum áhugaverðum og krefjandi verkefnum.

Árið 1987 hóf Friðrik störf hjá Lagnatækni og hefur starfað þar síðan. Fljótlega eftir komuna til Lagnatækni lágu leiðir saman í starfi með Sæbirmi Kristjánssyni. Forsjá og Lagnatækni áttu ánægjulegt samstarf í hönnun Endurreisnar Þjóðleikhússins í kringum 1990.

Sama var upp á teningnum í gerð Safnahússins í Reykjavík við Tryggvagötu. Sú vinna hefur síðan haldið farsællaga áfram eftir að þeir hófu samstarf hjá Lagnatækni. Hjá Lagnatækni hefur Friðrik í gegnum tíðina stýrt hönnun á fjölda Skóla- og Íþróttamannvirkja, Menningarbygginga og hinum ýmsu lðnaðarbyggingum.

Allt frá tíma sínum hjá Önn hefur Friðrik fengist við hönnun tengdum heilbrigðisgeiranum og nú síðustu ár fékkst hann við forhönnun á nýjum Landsspítala Íslands. Hjá Lagnatækni tók Friðrik við viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk fyrir Rannsóknarbyggingu Actavis í Hafnarfirði 2006.

Friðrik sat í undirbúningsnefnd að stofnun Lagnafélags Íslands. Þá sat hann í stjórn þess 1989 til 1990 og aftur 2001 til 2002. Þá var hann fulltrúi í Gæðamatsráði og Byggingarstaðlaráði um árabíl þar sem hann tók þátt í staðlagerð á lagnasviði í fagnefnd. Samhliða þessu hefur Friðrik tekið þátt í fjölmörgum fyrirlestrum og ráðstefnum hjá Lagnafélaginu.

Verkefni á starfsferli hafa verið mjög fjölbreytt og gefandi, sem hafa stöðugt leitt til framfara í leit að framþróun í lausnum á því sviði sem starfið nær yfir.

Friðrik segir það gæfu að öðlast þann lífsferil að fá að upplifa ánægju í starfi og tilhlökkun að mæta nýjum verkefnum.

Friðrik er kvæntur Þóru Jakobsdóttur og eiga þau saman þrjú börn, tvo syni og eina dóttur, en fyrir átti Friðrik eina dóttur.



Friðrik S. Kristinsson.

Heiðursmannaviðurkenning veitt fyrir farsælt ævistarf

Sæbjörn Kristjánsson byggingartæknifræðingur

Sæbjörn er fæddur í Reykjavík árið 1947. Hans starfsvettvangur hefur alla tíð verið í tengslum við byggingar. Ungur vann hann á sumrum sem handlangari fyrir iðnaðarmenn og 16 ára hóf hann nám í húsa-smíði. Hann lauk Meistaraskóla og hlaut meistararéttindi í húsa-smíði árið 1970.

Árið eftir hóf hann síðan nám í byggingartæknifræði við Tækniskóla Íslands og lauk því námi árið 1976. Eftir nám starfaði hann á Verkfræðistofu Jóns B. Stefánssonar til ársins 1980, er hann stofnaði Verkfræðistofuna Forsjá með Jóni. Á þessum árum var Sæbjörn skipaður í Skólanefnd Tækniskóla Íslands fyrir hönd Tæknifræðingafélags Íslands og sat þá jafnframt í Menntunarnefnd félagsins. Sæbjörn var prófdómari í nokkur ár við TÍ og prófdæmði lokaverkefni útskriftarnema á sviði lagna- og loftræsikerfa. Sæbjörn starfaði um árabíl sem dómkvaddur matsmaður í málum er tengdust byggingariðnaði og var meðdómandi hjá Héraðsdómum á því sviði. Hann var einnig skipaður til setu í Gerðadómum á þessum árum.

Verkfræðistofan Forsjá starfaði frá 1980 fram til 1999 þegar hún var lögð niður. Sæbjörn gekk þá til samstarfs við vini sína Axel H. Sölvason og Friðrik S. Kristinsson í Lagnatækni og hafa þeir rekið þá stofu saman síðan.

Sæbjörn hefur skipt sér talsvert af félagsmálum og því var það að þegar farið var að tala um að stofna félag í kringum lagnamenn á Íslandi upp úr 1980 að hann kom að þeirri umræðu. Það liðu síðan fáein ár þangað til Lagnafélagið var stofnað en Sæbjörn sat í fyrstu stjórn Lagnafélagsins. Eitt af því fyrsta sem farið var að huga að innan félagsins voru fræðslufundir og var Sæbjörn einn af fyrirlesurum á fyrsta fræðslufundi Lagnafélagsins, en þar fjallaði hann um reynslu sína á notkun varmaskipta í loftræsikerfum, sem voru þá enn nokkur nýjung. Alla tíð síðan hefur Sæbjörn verið í baklandi Lagnafélagsins og veitt forstöðu ýmsum nefndum og fagráðum í gegnum tíðina.

Það er gaman frá því að segja að Sæbjörn tók á móti fyrstu verðlaunum Lagnafélags Íslands fyrir lofsvert lagnaverk, en það var fyrir lagna- og loftræsikerfi í byggingu Sjóvá Almennar í Kringlunni, árið 1990. Sæbjörn hefur síðan tekið við mörgum viðurkenningum af hendi Lagnafélagsins, fyrir lofsverð lagnaverk. Þar má telja Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi, Lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði og fyrir Öryggisrannsóknarstofu í flokki BSL-3 hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í Meinafræðum að Keldum. Þar sá hann einnig um alla þarfagreiningu, val á búnaði og fyrirkomulag öryggisrannsóknarstofunnar.

Síðastliðin 20 ár hefur stór hluti verka hans verið í sérhæfðum kerfum fyrir lyfja- og heilbrigðisgeirann. Aðkoma hans að lyfjageiranum hefur verið bæði hérlendis og á erlendri grundu og



Sæbjörn Kristjánsson.

hefur hann tekið þátt í að byggja upp framleiðslu- og rannsóknaraðstöður fyrir Actavis samsteypuna og má þar nefna aðstöðu samsteypunnar í Möltu, Búlgaríu, Serbíu og á Indlandi. Til að gefa hugmynd um umfang sumra þessara verkefna má nefna eina af stærstu framleiðslueiningum Actavis sem er á Möltu. Sæbjörn hefur verið tengdur henni allar götur síðan 2001, vegna nánast stöðugar uppbyggingar og endurbóta.

Í dag vinnur Sæbjörn að ýmsum undirbúningi og við stjórnun hönnunar tækniherfa fyrir nýtt hátæknisetur lyfjafyrirtækisins Alvotech, sem rís nú í Vísindagörðum Háskóla Íslands. Sú bygging inniheldur meðal annars fjölbreyttar rannsóknarstofur og umfangsmikla hreinrýmisástöðu til framleiðslu á „Aseptic Sterile“ stungulyfjum.

Sæbjörn er kvæntur Ágústu Oddsdóttur og eiga þau tvo syni, Egil myndlistarmann og Kristján Odd vélaverkfræðing.

*Svipmyndir frá
afhendingu viður-
kenningar „Lofsvert
lagnaverk 2013, við
hátíðlega athöfn í
Lýsi hf. 15. okt. 2014*







